

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 6. ágúst 2020  
UST202007-175/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka - sandfjara austan Víkur í Mýrdal.**  
**Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að vinna 145.000 m<sup>3</sup> af sandi á næstu fimm árum við Uxafótarlæk austan þéttbýlis í Vík í Mýrdal. Efni verður tekið úr fjöruborði og mun sjórinn jafna gryfjurnar á skömmum tíma. Sandurinn verður harpaður til að ná æskilegri kornastærð. Frákasti verður ekið í gryjur í flæðarmáli. Á athafnasvæði er ráðgert að byggja 200 m<sup>2</sup> vélaskemmu.

Hér er um að ræða efnistöku á svæði þar sem ætla má að sandur sé í talsverðu mæli. Umhverfisstofnun telur að efnistaka í því magni sem hér um ræðir hafi að öllum líkindum hverfandi áhrif á fjöruna á þeim stað þar sem efnistakan er fyrirhuguð. Ætla má að helstu áhrif framkvæmdarinnar á þessu stigi verði sjónræn áhrif vegna mannvirkja við Uxafótarlæk og viðvera tækja á svæðinu. Þarna hefur nýlega verið reistur varnargarður Vegagerðarinnar þannig að á þessu svæði er þegar mannvirkni til staðar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefansson  
Sérfræðingur

  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
Teymisstjóri